

# Stofnfundur Ólafíusjós

Stjórn Íslenska safnaðarins í Noregi samkvæmt samþykkt aðalfundar 2019 og samþykkt á stjórnarfundum þann 10.12.2019 boðar til stofnfundar Ólafíusjós sjálfseignarstofnun sem verður haldin í Bøler kirka, sunnudaginn 3. maí klukkan 14:00.

Ólafíusjóður er hjálparstöður fyrir nauðstadda Íslendinga í Noregi, var fyrst stofnaður sem sjóður innan Íslenska safnaðarins í Noregi á auka aðalfundi hans í Noregi 4. október 2009. En nú stendur til að stofna sjóðinn sem sjálfseignarstofnun.

Heiti sjóðsins er til minningar um Ólafíu Jóhannsdóttur, sem var mjög trúuð en hún hjálpaði nauðstöddum konum í Osló upp úr aldamótunum 1900.

Fundarstjóri er Ingvar Ingólfsson, gjaldkeri Íslenska safnaðarins í Noregi.

## Dagskrá stofnfundar:

1. Stofnun sjóðsins.
2. Umræða og samþykkt laga.
3. Umræða og samþykkt reglur stjórnar.
4. Umræða og samþykkt úthlutunarreglur.
5. Kosning til stjórnar.
6. Önnur mál.

Núverandi stjórn sjóðsins ásamt varamanni býður sig fram til áframhaldandi starfa innan sjóðsins auk þess sem Harpa Stefánsdóttir býður sig fram til stjórnar, aðrir sem vilja bjóða sig fram geta gert það á stofnfundinum.

Stjórn Íslenska safnaðarins í Noregi hefur ákveðið að tilnefna Rannveigu Maríu Gísladóttur sem formann sjóðsins en hún hefur gengt því hlutverki í „gamla“ sjóðnum frá seinasta aðalfundi safnaðarins og hefur komið að gerð laga, regla stjórnar og úthlutunarregla.

Aðilar sem hafa boðið sig fram til stjórnarsetu eru:

Ágústa María Arnardóttir Figved  
Steinunn Þórðardóttir  
Guðbjörg Magnúsdóttir  
Harpa Stefánsdóttir

## Tillaga frá aðalfundi 2019.

Tillaga um aðskilnað og sjálfsstæði Ólafíusjós gagnvart fjárhag Íslenska safnaðarins í Noregi lögð fram á aðalfundi 2019. Tillagan var samþykktar með yfirgnæfandi meirihluta

„Aðalfundur Íslenska Safnaðarins árið 2019 felur stjórn safnaðarins að vinna að aðskilnaði safnaðar og Ólafíusjós þar sem Ólafíusjóður mun verða eigið stiftelse með eigin stjórn og sjálfstæð stofnun. Söfnuðurinn mun styrkja sjóðinn hvert ár um 100.000 kr. með auka stofnframlagi upp á það sama. Söfnuðurinn mun einnig borga rekstur sjóðsins og laun starfsmanna samkvæmt kynningu á aðalfundi 2019. Þegar stjórn hefur gert allt klárt ásamt nýrri sjóðs stjórn mun vera kallað til sér stofnfundar Ólafíusjós þar sem lög sjóðsins verða samþykkt og stjórn hans kjörin.“

Umræður sem fóru fram:

Inga Erlingsdóttir bendir á að prestur eigi ekki að vera fjórði maður í stjórn. Formaður bendir á að prestur sé starfsmaður sjóðsins og þrír séu í stjórninni og tveir varamenn.

Pórhallur Guðmundsson bendir á að gott hefði verið að hafa einn sem ekki tengist söfnuðinum beint, til dæmis einhvern tengdist sendiráðinu. Gjaldkeri bendir á að stjórn sjóðsins ákveður lög sjóðsins.

Fundargerð stjórnar frá stjórnarfundum 10.12.2019

## Stjórnarfundur fundargerð

Staðsetning:	Prestbústaðurinn
Dagsetning:	10.12.2019
Fundar tími:	20:00
Fundi slitið:	20:30
Til staðar:	Formaður - Jónína (JMA), Vara formaður - Katla (KS), Gjaldkeri - Ingvar (II), Ritari - Björn (BH) og Með stjórnandi - Rebekka (RI). Einnig til staðar allan tíman: Starfsmaður Berglind (BG), menningarfulltrúi Freydís (FH), sóknarprestur - sr. Inga (IH).

### Dagskrá

1. Stofnun Ólafúsíjós sem sjálfseignarstofnun.

### Umræður

Í samræmi við ákvörðun aðalfundar þá hefur stjórn sjóðsins, prestur og stjórn safnaðar (Ingvar) unnið að gerð laga og reglna fyrir sjóðinn. Þetta er núna klárt og hefur lögmaður farið yfir þetta einnig.

Stjórn kynnt lög, reglur stjórnar og úthlutunarreglur. Engar athugasemdir bárust enda hefur stjórn reglulega fengið að tjá sig um þetta og komið með athugasemdir áður sem hafa verið teknar til skoðunar og mætt.

Tillaga borinn upp til samþykktar, Íslenski söfnuðurinn borgi stjórnarlaun fimm stjórnarmann í stað þriggja og þriggja varamanna í stjórn Ólafúsíjós. Tillagan samþykkt samhljóða.

Tillaga um að Rannveig María Gísladóttir núverandi formaður sjóðsins verði skipaður formaður sjóðsins frá stofnun. Tillagan samþykkt samhljóða.

Tillaga um að gjaldkeri (Ingvar) verði tengiliður stjórnar við Ólafúsíjód eftir stofnun. Tillagan samþykkt samhljóða.

Tillaga var borinn fram um að kallað verður til stofnfundar samhliða aðalfundi. Tillagan samþykkt samhljóða.

# Lög Ólafíusjóðs

Ólafíusjóður, hjálparsjóður fyrir nauðstadda Íslendinga í Noregi, var fyrst stofnaður á auka aðalfundi Íslenska safnaðarins í Noregi 4. október 2009. Hann var formlega stofnaður sem styrktar sjóður þann 03.05.2020. Heiti sjóðsins er til minningar um Ólafíu Jóhannsdóttur, sem var mjög trúuð en hún hjálpaði nauðstöddum konum í Osló upp úr aldamótunum 1900.

1.gr.

Ólafíusjóður heyrir undir Íslenska söfnuðinn í Noregi en er rekinn sem sjálfstæð eining með eigin stjórn. Allir meðlimir safnaðarins teljast atkvæða bærir á aðalfundi sjóðsins.

2.gr.

Sjóðnum er ætlað að mæta tímabundnum erfiðleikum hjá íslenskum einstaklingum t.d. í tengslum við veikindi, dauðsfall eða önnur áföll sem dunið geta yfir einstaklinga og fjölskyldur. Úthlutunar skulu miðast við úthlutunar- og starfsreglur stjórnar hverju sinni sem skulu samþykktar á aðalfundi hvert ár.

3. gr.

Aðal styrktaraðili Ólafíusjóðs er Íslenski söfnuðurinn í Noregi. Framlag safnaðarins er ákveðið árlega á aðalfundi safnaðarins. Sjóðnum er frjálst að auglýsa eftir framlögum frá stofnunum, félagasamtökum, fyrirtækjum og einstaklingum. Sjóðsstjórn skal einnig reyna að afla fjár með öðrum hætti svo sem með umsóknum um styrki frá öðrum.

4.gr.

Aðalfundur sjóðsins skal vera haldin einu sinni hvert ár og skal hann vera samhliða aðalfundi Íslenska safnaðarins í Noregi. Aðalfundur skal vera boðaður með fjögurra vikna fyrirvara samhliða boðun til aðalfundar safnaðarins.

Dagskrá aðalfundar:

1. Formaður kannar hvort til fundar sé löglega boðað
2. Kosning fundarstjóra og fundarritara
3. Skýrsla stjórnar
4. Samþykkt og umræða starfsreglur stjórnar
5. Samþykkt og umræða úthlutunarregla
6. Kosning í sjóðsstjórn
7. Tillögur

5. gr.

Stjórn sjóðsins samanstendur af fimm stjórnarmeðlimum, þar af eru fjórir kosnir fulltrúar og sá fimmti skal vera skipaður af stjórn Íslenska safnaðarins í Noregi.

Kosning í stjórn sjóðsins skal fara fram á aðalfundi sjóðsins og er kosið til 4 ára í senn.

Sóknarprestur Íslenska safnaðarins í Noregi er starfsmaður sjóðsins.

Sjóðstjórn skiptir með sér verkum en þó skal alltaf fulltrúi stjórnar Íslenska safnaðarins í Noregi fara með formennsku í stjórn sjóðsins.

6. gr.

Stjórnarfundir skulu haldnir minnst fjórum sinnum á ári.  
Úthlutunar fundir eru haldnir eftir þörfum.

7. gr.

Stjórn sjóðsins vinnur í sjálfboðavinnu fyrir sjóðinn en þiggur þóknun frá Íslenska söfnuðinum í Noregi sem er ákveðin af aðalfundi safnaðarins.

8. gr.

Leggja skal inn skrifleg umsókn um styrk til sjóðsins allar umsóknir skulu meðhöndlast sem trúnaðarmál.

9. gr.

Ef sjóðurinn leggst niður ganga alla eigur hans til Íslenska safnaðarins í Noregi.  
Þessari grein er ekki hægt að breyta án samþykkis tveggja aðalfunda Íslenska safnaðarins í Noregi.

10. gr.

Breyting á lögum þessum öðlast fyrst gildi þegar tveir aðalfundir í röð hafa samþykkt óbreytta tillögu. Breytingartillögur skulu liggja frammi og vera aðgengilegar safnaðarmeðlimum í Íslenska söfnuðinum í Noregi eigi síðar en fjórum vikum fyrir aðalfund safnaðarins.

Lög þessar sem samþykktar eru á stofnfundi sjóðsins 03.05.2020 taka gildi nú þegar.

Ósló 03.04.2020

# Starfsreglur stjórnar Ólafíusjóðs

1 gr.

Stjórn samanstendur af fimm einstaklingum formanni sem er skipaður af stjórn Íslenska safnaðarins í Noregi, varaformanni, gjaldkera og tveimur meðstjórnendum. Prestur er svo starfsmaður sjóðsins og sér einnig um að rita fundargerðir.

2 gr.

Stjórn hefur fasta tengilið innan safnaðarstjórnar Íslenska safnaðarins í Noregi. Stjórn getur óskað eftir að tengiliður sitji á stjórnarfundi ef þess gerist þörf.

3 gr.

Stjórn sjóðsins er bundin trúnaðareið og ef nýtt fólk kemur til starfa innan stjórnar skal viðkomandi ekki hefja störf innan sjóðsins fyrr en trúnaðareiður er undirritaður. Þetta gildir líka fyrir tengiliði þó þeir séu bundnir trúnaðareið í sínum störfum.

4 gr.

Aðalfundur hvers árs ákvarðar starfsreglur og úthlutunarreglur.

5 gr.

Stjórn skal koma saman minnst 4 sinnum árlega og oftast ef þörf er á.

6 gr.

Umsóknir um styrk í sjóðinn fara í gegnum prest sem leggur umsókn fyrir stjórn sjóðsins.

7 gr.

Við umfjöllun og samþykktir umsókna skal minnst þrjár vera til staðar þar af getur einn verið prestur.

8 gr.

Við úthlutun styrks er sjóðnum heimilt að bjóða fram sáluhjálp (samtal við prest) og aðra aðstoð svo sem tíma hjá lögfræðingi og fjárhagsráðgjöf.

9 gr.

Við vafamál getur stjórn haft samráð við lögfræðing safnaðarins, sendiráð Íslands og stjórn Íslenska safnaðarins í Noregi.

10 gr.

Allar umsóknir sem koma inn og þær sem eru afgreiddar skal leggja fram á næsta stjórnarfundi til kynningar, ásamt reikningum þess hlutandi.

11 gr.

Stjórn skal alltaf gæta þess að við árslok sé minnst innistæða fyrir einum hámarksstyrk í sjóðnum.

12 gr.

Stjórn sjóðsins vinnur í sjálfböðavinnu fyrir sjóðinn en þiggur þóknun frá Íslenska söfnuðinum í Noregi samkvæmt ákvörðun aðalfundar safnaðarins þess lútandi. Þóknun er greidd út í desember ár hvert.

Samþykkt á stofnfundi Ósló 03.05.2020

# Úthlutunarreglur Ólafúsjóðs

Allar umsóknir eru sendar á skrifstofu prest sem leggur þær fyrir stjórn sjóðsins.

Stjórn metur hverja umsókn fyrir sig og ákveður hvort hún sé þess eðlis að hún sé styrkhæf.

Ef umsókn gefur til kynna að ráðgjöf hjálpi frekar en beinn styrkur er stjórn heimilt að bjóða fyrsta tíma í ráðgjöf á kostnað sjóðsins.

Við vafamál geti stjórn ráðfært sig við lögfræðing, sendiráð og stjórn safnaðar.

Upphæð styrks getur aldrei farið yfir það hámark sem ákveðið er á aðalfundi hvert ár. Hámark er í dag 9000 NOK.

Við andlát og alvarleg veikindi sé veittur hámarksstyrkur.

Við þær aðstæður skal einnig bjóða fram sálarhjálp, samtal við prest og ef fólk þarf tíma hjá lögfræðing.

Enginn getur fengið tvívegis styrk frá sjóðnum af sömu ástæðu.

Almenna reglan er sú að Ólafúsjóður styrkir einungis Íslenska einstaklinga sem eru búsettir í Noregi en þó er hægt að gera undantekningu á því ef t.d. um andlát Íslendinga í Noregi er um að ræða að styrkur sé greiddur út til náteygda aðila sem búa ekki í Noregi.

Vegna ferðakostnaðar vegna jarðarfara á Íslandi skulu einungis nánustu ættingjar njóta styrks, s.s. foreldrar, börn eða systkini.

Annars skal hver umsókn metin og upphæð styrks ákveðin eftir því.

Skrifstofa prests skal á hverjum tíma hafa til ráðstöfunar matarkort hvert að upphæð 1000 nok, sem prestur getur ráðstafað án þess að leggja fyrir sjóðsstjórn. Þó verður að tilkynna og leggja fram skýrslu þess efnis á næsta stjórnarfundum.

Úthlutunarreglum þessum er einungis hægt að breyta á aðalfundi Ólafúsjóðs.  
Oslo, 03.05.2020